



Úrbótasjóður tónleikastaða

Yfirlit

2020 - 2022



Forsaga

- Ein af meginstoðum hverrar tónlistarborgar er sá vettvangur sem er til staðar fyrir lifandi tónlistarflutning, tónleikastaðirnir
- Undanfarin ár hefur sú þróun átt sér stað í borgum, ekki einungis á Íslandi heldur um allan heim, að tilvist minni og miðlungsstórra tónleikastaða hefur verið ógnað vegna þéttingu byggðar og aukins ferðamannastraums sem breytir ásýnd borga, einkum miðsvæðis
- Tónleikastöðum er lokað vegna byggingar hótela og íbúðakjarna eða leigan hækkar og reynist of stór biti að kyngja
- Þversögnin er sú að engin er borg án mannlífs og flest eru væntanlega sammála því að tónleikastaðir og ýmis konar menningarstarfsemi er stór hluti af því sem gerir borgir aðlaðandi fyrir íbúa og innlenda og erlenda gesti
- Þessu til viðbótar er landslag tónlistariðnaðarins gjörbreytt þar sem lifandi tónlistarflutningur hefur tekið við sem ein megin tekjulind tónlistarfólks og því er það orðið nauðsynlegt tónlistarlífinu öllu að tryggja aðstöðu til lifandi tónlistarflutnings



Mótun hugmyndar

- Stofnað var til samtals við forsvarsmenn tónleikastaðanna og hugmyndir mótaðar í nánu samstarfi við staðina
- Framkvæmd voru djúpvíðtöl við forsvarsmenn nokkurra tónleikastaða og skýrsla tekin saman með helstu niðurstöðum
- Auk þessa var skipaður þriggja manna faghópur sem gerði úttekt á tónleikastöðum í samráði við þá
- Hugmyndin sem fékk mest brautargengi sem fyrsta skref í átt að auknum stuðningi borgarinnar við tónleikastaði var úrbótasjóðurinn



Útfærslan

- Samþykkt árið 2019 sem átaksverkefni til 2ja ára
- Árlegt framlag Reykjavíkurborgar 8 m.kr. – auk framlags frá fagfélögum tónlistar
- Framlag borgarinnar tekið úr menningarpottinum og eyrnamerkt úrbótasjóðnum
- Faghópur skipaður einum fulltrúa frá MÍT og tveimur frá fagfélögum tónlistar fer yfir umsóknir og leggur tillögu að úthlutun fyrir MÍT
- Verklagsreglur – nýjasta útgáfa [hér](#)

„Hlutverk úrbótasjóðsins er að styðja við tilvist minni og miðlungs stórra tónleikastaða í Reykjavík sem og menningarhúsa sem sinna lifandi tónlistarflutningi með því að veita styrki til úrbóta á tónleikastöðunum hvað varðar aðstöðu, aðbúnað og aðgengi. Þannig er stuðlað að áframhaldandi aðstöðu fyrir lifandi tónlistarflutning í borginni sem styður um leið við tónlistarlífið og eflir mannlífið“



Úthlutun 2020

Staður	Styrkupp hæð	Úrbætur	Styrkur veittur	Ekki veittur	Skýring
Stelpur rokka	750,000	Hljóðkerfi	750,000		
Mengi	380,000	Drappingar	380,000		
Hannesarholt	1,700,000	Hjólástjólalyfta	1,700,000		
Stúdentakjallarinn	250,000	Hljóðkerfi	250,000		
Bakkaskemman	470,000	Hljóðkerfi		470,000	Vegna mistaka í bókun styrks var styrkurinn ekki greiddur þegar skrifað var undir samning í mars 2020. Þegar ganga átti frá greiðslu í lok árs 2020 höfðu forsendur Sjávarklasans fyrir opnun staðarins breyst vegna áhrifa heimsfaraldurs og því var styrkurinn afþakkaður
Gaukurinn	1,700,000	Hjólástólalyfta	400,000	1,300,000	Báðu um breytingu á styrkúthlutun sem faghópurinn samþykkti og síðar MÍT-ráðið
KEX	1,000,000	Hljóðkerfi	1,000,000		Fengu að breyta móttakanda styrks úr Sæmundi í sparifötunum yfir á S28 fasteignafélag
Bryggjan brugghús	1,000,000	Hljóðkerfi	1,000,000		Fengu styrk en urðu gjaldþrota. Krafa gerð í þrotabú.
Iðnó	2,250,000	Hljóðkerfi		2,250,000	Gjaldþrot
Samtals	9,500,000		5,480,000	4,020,000	



Úthlutun 2020 – áhrif Covid

- Þegar búið var að úthluta öllum styrkjum til úrbóta stóðu 3.550.000 kr. eftir í pottinum að því er talið var. Síðar átti eftir að koma í ljós að mistök voru gerð við bókun styrks til Bakkaskemunnar og því var styrkurinn til þeirra aldrei greiddur út sem reyndist heppilegt því staðurinn komst aldrei á legg vegna áhrifa heimsfaraldurs. Raunverulegar eftirstöðvar í pottinum voru því 4.020.000 kr. en við höldum okkur við 3.550.000 kr. því það var sú tala sem lá fyrir í nóvember 2020 þegar taka þurfti ákvörðun um hvað gera ætti við eftirstöðvarnar.
- Tillaga Tónlistarborgarinnar var sú að koma fjármagninu út í formi streymisstyrka til tónleikastaðanna og styðja þannig við bæði tónleikastaðina og tónlistarfólk á erfiðum tímum. Tónlistarborgin myndi enn fremur leggja verkefninu lið með veglegu framlagi vegna kostnaðar við upptökur, eftirvinnslu, útsendingu og kynningarmál. Faghópurinn studdi þessa tillögu sem var á endanum samþykkt af MÍT. Kallað var eftir styrkjum sem faghópurinn fór yfir og lagði tillögu fyrir MÍT sem var samþykkt.



Úthlutun 2020 – plan b / streymisverkefni

Nafn staðar	Sótt um	Úthlutað	Verklýsing	Kostnaður
Hard Rock Café	900,000	550,000	Eitt kvöld: Franz Gunnarsson stýrir viðburði með bandi og nokkrum gestum. Tónlistarborgin sér um upptökur, hljóð og lýsingu fyrir streymi.	450 þús í laun til listamanna og 100 þús til staðarins fyrir kostnaði og vinnuframlagi.
Hannesarholt	570,000	400,000	Tveir einfaldir Syngjum saman viðburðir og einir aðventutónleikar. Eru sjálfbær með streymi og þurfa ekki aðstoð okkar en vilja samt vera í samstarfi og streyma frá FB-síðu Tónlistarborgarinnar og vera í kynningarpakkanum.	Syngjum saman (2 listamenn x 60.000), aðventutónleika (3 listamenn x 60.000). Samtals laun listafólks 300.000. Þurfa að leigja inn eitthvað fyrir stærra streymið (30–50.000) og svo eigið vinnuframlag (Samtals 100.000).
Gamla Bíó	770,000	420,000	Tvennir tónleikar. Tónlistarborgin sér um upptökur, hljóð og lýsingu fyrir streymi.	2 x 160.000 kr. í laun fyrir tónlistarmenn, 2 x 50.000 í kostnað og vinnuframlag.
Gaukurinn	710,000	660,000	Heilt kvöld með þremur atriðum. Tónlistarborgin sér um upptökur, hljóð og lýsingu fyrir streymi.	2 x 250.000 + 60.000 í laun til listafólks. 100.000 kr. fyrir kostnaði og eigin vinnuframlag.
R6013	666,000	200,000	Tvennir tónleika. Eru sjálfbær með streymi og þurfa ekki aðstoð okkar en vilja samstarf í kringum kynningu og streymi.	Laun til listafólks 2 x 50.000 og 2 x 50.000 í kostnað og eigin vinnuframlag. Samtals 200 þúsund.
Dillon	550,000	550,000	Heilt kvöld með þremur atriðum. Eru sjálfbær með streymi og þurfa ekki aðstoð okkar en vilja samstarf og aðstoð með kynningu.	Laun til listafólks 2 x 200.000 + 50.000. Og svo 100 þús fyrir kostnað og eigin vinnuframlag.
KEX Hostel	670,000	300,000	Tvennir tónleikar teknir upp sama kvöld. Annað hvort live streymi eða upptökur. Tónlistarborgin sér um mynd, hljóð og lýsingu fyrir streymi.	2 x 100.000 í laun til listafólks. 100 þús í ýmsan kostnað og eigið vinnuframlag.
Mengi	520,000	470,000	Tvennir tónleika. Eru sjálfbær með streymi og þurfa ekki aðstoð okkar en vilja samstarf og aðstoð við kynningu	Laun til listafólks 4 x 80.000. Samtals 320.000. Eigin kostnaður og vinnuframlag 2 x 75.000.
Hafnarport	2,000,000	0	Synjað	-
Heildarstyrkir	7,356,000	3,550,000		



Niðurlag vegna 2020

- Framlag Tónlistarborgarinnar var 1.792.700 kr. vegna kostnaðar við upptökur, eftirvinnslu, streymi og hönnun. Allir streymistónleikar fóru fram og voru teknir upp og sýndir í des 2020 og jan – feb 2021
- 470.000 kr. fóru inn í borgarsjóð sem afgangur (Bakkaskemmustyrkurinn)



Úthlutun 2021

Nafn staðar	Upphæð sótt um	Tillaga að úthlutun	Athugasemdir	Úrbætur
Gamla Bíó	2.105.604	1.300.000		Miðlægt hljóðstjórnarkerfi
Gaukurinn	3.000.000	2.000.000		Setja upp hjólastólalýftu utan á húsið
Hellirinn / TPM	1.500.000	1.450.000		Endurnýjun á hljóðkerfi, ljósabúnaði og gluggatjöldum og fleira
Húrra	400.000	400.000		Úrbætur á hljóðkerfi hússins
Mengi	1.472.115	1.000.000		Fjárfesta í hljóðkerfi
Post-húsið (Post dreifing)	975.000	265.000		Kaup á backline
Prikið	353.770	260.000		Fjárstyrkur vegna viðgerðar og stálsmiði til að endurbæta stærra sviðið innandyra
R6013	2.775.000	500.000		Bæta sjónrænu hliðina (t.d. ljósabúnaður og reykvél, skjávarpi og veggkjöld)
Skuggabaldur	637.478	635.000	Nýr staður. Stefnt að opnun um miðjan júní.	Fjárfesta í hljóðkerfi
Space Odyssey	423.513	350.000	Nýr staður. Ekki vínveitingarleyfi og því ekkert aldurstakmark.	Fjárfesta í hljóðkerfi, upptöku- og streymisbúnaði.
Stelpur rokka!	420.000	420.000		Leggja ramp yfir þröskuld við inngang og setja einnig ramp upp á sviðið sem gerir fólki sem notar hjólastól kleift að stíga á sviðið, minniháttar úrbætur á salerni staðarins.
Stereo	223.200	220.000	Nýr staður. Stefnt að opnun í byrjun júlí.	Kaupa hljóðdempandi plötur
Samtals	14.285.680	8.800.000		



Úthlutun 2022

Nafn staðar	Upphæð sótt um	Tillaga að úthlutun	Úrbætur
12 Tónar	750.000	750.000	Kaup á hljóðkerfi, gítarmagnara og trommusetti
Gamla Bíó	1.278.000	1.000.000	Nýtt monitora kerfi, JBL VRX915 Monitor wedge + Crown I-tech 4*3500 Drivecore series
Hannesarholt	1.928.069	975.000	Yamaha stagepas hátalarar, Zoom live trak mixer og LED sviðsljós
Hellirinn í Tónlistarþróunarmiðstöðinni	1.600.000	550.000	Kaup á PA kerfi frá Exton
Lemmy	4.953.967	545.300	2x Yamaha hátalarar, 4x shure míkrofónar og 4x mic boom stand og Ampeg bassamagnari
Mengi	491.761	491.761	NEC Skjávarpi ME403U 1920X1200 og uppsetning
Prikið	274.607	250.000	Pioneer XDJ RX3 All in one kerfi
R6013	1.800.000	800.000	2x FOH hátalarar og 2x botnar, 2x sviðsmónitorar
Smekkleysa/STAK	2.338.090	1.200.000	Kaup á hljóðkerfi og mixer; dB sub woofer 1x18 900W, dB Opera 12, dB hype 12, snúrur og standar
Stelpur rokka!	337.875	337.875	Fender Champion magnari, in ear, aukahlutir f. trommur, Sure sm58 mic, gítarpedalar, perur
Tjarnarbíó	1.207.100	400.000	Kaup á hljóðnemum 3x sm57, 3x beta sm58, 1x seinnheiser 421, 1x shure beta 528 og standar
Tónhylur	1.687.500	800.000	Uppsetning á sviði
Ölver	3.000.000	1.000.000	Kaup á hljóðkerfi RCF HDL 10-A Active 2 way, RCF Active line subwoofer
Samtals	21.646.969	9.099.936	



Heildarúthlutanir - yfirlit

Staður	2020	2021	2022	Samtals
Stelpur rokka!	750.000	420.000	337.875	1.507.875
Mengi	380.000	1.000.000	491.761	1.871.761
Hannesarholt	1.700.000		975.000	2.675.000
Stúdentakjallarinn	250.000			250.000
Gaukurinn	400.000	2.000.000		2.400.000
Kex	1.000.000			1.000.000
Bryggjan brugghús	1.000.000			1.000.000
Gamla bío		1.300.000	1.000.000	2.300.000
Hellirinn / TBM		1.450.000	550.000	2.000.000
Húrra		400.000		400.000
Póst-húsið		265.000		265.000
Prikið		260.000	250.000	510.000
R6013		500.000	800.000	1.300.000
Skuggabaldur		635.000		635.000
Space Oddyssey		350.000		350.000
Stereo		220.000		220.000
12 Tónar			750.000	750.000
Lemmy			545.300	545.300
Smekkleysa			1.200.000	1.200.000
Tjarnarbío			400.000	400.000
Tónhylur			800.000	800.000
Ölver			1.000.000	1.000.000
Samtals	5.480.000	8.800.000	9.099.936	23.379.936



Samantekt

- Alls 23.379.936 kr. hefur verið úthlutað til úrbóta á 22 stöðum
- Alls 3.550.000 kr. var úthlutað sem plan b árið 2020 í streymisverkefni tónleikastaða
- Heildarframlag fagfélaga í sjóðinn er samtals kr. 3.400.000
- 2020 var mótframlag staðanna sjálfra til framkvæmda 50% en eftir Covid var mótframlagið 25%
- Af 22 stöðum hafa 4 lokað eftir að hafa fengið styrk
- Gaukurinn hefur ekki enn klárað framkvæmd við hjólastólalyftu en styrkur fékkst árið 2021 – erum í samtali við forsvarsmenn
- Af 13 stöðum sem fengu styrk síðla árs 2022 höfðu 7 þegar lokið framkvæmdum í júlí 2023. Staðirnir hafa út árið 2023 til að klára



Reykjavík